

**A 1860/holdbart**

<b>Flytjandi</b>	Norræna sjálfbærninefndin
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna sjálfbærninefndin

**Nefndartillaga  
um samnorræna endanlega geymslu fyrir NORM-úrgang****Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún finni hentuga staðsetningu fyrir eina eða fleiri samnorrænar endanlegar geymslur fyrir NORM-úrgang;

að hún kanni hugsanlegar lagalegar hindranir og breyti löggjöfinni á þann hátt að hún heimili innflutning/ útflutning á NORM-úrgangi á leið í endanlegar geymslur;

að hún semji um sameiginlega fjármögnun á einni eða fleiri sameiginlegum endanlegum geymslum fyrir NORM-úrgang;

að hún geri ráðstafanir varðandi örugga stjórnun og meðferð á flutningi á NORM-úrgangi.

**Bakgrunnur**

Náttúrulega geislavirkur úrgangur (NORM) verður yfirleitt til tengslum við ýmiss konar framleiðsluferli, meðal annars gas- og olíuvinnslu. Græn orkuskipti yfir í endurnýjanlega orkugjafa munu leiða til þess að olíuvinnslustöðvar verða lagðar niður og magn NORM-úrgangs, þ.e. úrgangs með lága geislavirkni, mun aukast verulega. Í svari Norrænu ráðherranefndarinnar við fyrirspurn E 1/2020 um NORM-úrgang kemur fram að Noregur er eina landið með endanlega geymslu fyrir NORM-úrgang. Norræna ráðherranefndin bendir einnig á að meðhöndlun NORM-úrgangs getur verið vandasöm af öðrum ástæðum vegna þess að í úrganginum leynast oft önnur efni. Í sumum löndum geta jarðfræðilegar aðstæður torveldað að byggðar séu endanlegar geymslur.

Í Noregi gilda sams konar reglur og sambærilegar kröfur um geislavirkan NORM-úrgang og um geislavirkan úrgang með kirnum sem safnast hafa upp af mannavöldum. Fyrirtæki verða að skrá úrganginn svo hægt sé að skera úr um hvort hann beri að flokka sem geislavirkan úrgang. Geislavirkan úrgang ber að senda eins skjótt og unnt er og eigi sjaldnar en einu sinni á ári til móttökustöðvar sem hefur leyfi til að meðhöndla



hættulegan úrgang. Upplýsingar um geislavirkan úrgang ber að skrá í sameiginlegt rafrænt skráningarkerfi. Í náttúrulegum hráefnum sem innihalda NORM er einnig oft að finna þungmálma. Þess vegna heyrir meðhöndlun úrgangsins undir Miljødirektoratet (umhverfisstofnun) vegna annarra eiginleika úrgangsins en geislavirkni. Í Noregi eru fimm förgunarstaðir fyrir geislavirkan úrgang og geta fjórir þeirra tekið við ýmsum tegundum NORM-úrgangs. Samkvæmt norskum reglum er hægt að sækja um sérstakt leyfi til útflutnings eða innflutnings á geislavirkum úrgangi.

Í Svíþjóð er kveðið á um meðhöndlun NORM-úrgangs í reglum Strålsäkerhetsmyndigheten (Geislavarnayfirvalda) (SSMFS 2018:4). Geislavirknistyrkur NORM-úrgangs sker úr um hvaða kröfur eru gerðar um meðhöndlun efnisins, hvort hann er sendur til förgunar eða honum komið fyrir í holrýmum. Óheimilt er að þynna NORM með endurflokkun úrgangsins í huga. Í Svíþjóð er engin endanleg geymsla fyrir NORM-úrgang. Samkvæmt sænskum reglum þarf að sækja um sérstakt leyfi til að senda geislavirkan úrgang úr landi til endanlegrar meðhöndlunar.

Í Finnlandi verður NORM-úrgangur m.a. til við námugróft, málmvinnslu, endurvinnslu brotamálms og hreinsun neysluvatns. Ábyrgðin á meðhöndlun NORM-úrgangs er á höndum viðkomandi yfirvalda. NORM-úrgangur lendir yfirleitt á förgunarstöðum fyrir hættulegan úrgang vegna þess að hann inniheldur iðulega einnig önnur efni eins og þungmálma og efnavöru. Í Finnlandi er geislavirkni NORM-úrgangs ekki stærsti vandinn heldur mengun af völdum annarra efna. Engin endanleg geymsla fyrir NORM-úrgang er í Finnlandi.

Á Íslandi er NORM-úrgangur meðhöndlaður á sama hátt og annar geislavirkur úrgangur. Ákvæði íslenskra laga og framkvæmd þeirra fylgja tilskipun Evrópusambandsins 2013/59/KE um ákvörðun grundvallaröryggisstaðla um verndun gegn hættu af völdum váhrifa frá jónandi geislun. Engin endanleg geymsla fyrir NORM-úrgang er á Íslandi. Í svari við fyrirspurn E 1/2020 kemur fram að samstarf um geymslu og förgun NORM-úrgangs yrði til hagsbóta fyrir Ísland, bæði tæknilega og efnahagslega.

Geislavarnadeild danskra heilbrigðisyfirvalda (Sundhedsstyrelsen) gegnir hlutverki yfirvalda varðandi geislavarnir þar sem jónandi geislun er fyrir hendi, notuð eða framkölluð, einnig að því er varðar geislavirkan úrgang. NORM-úrgang ber að meðhöndla, geyma og farga samkvæmt sömu reglum og gilda um annan geislavirkan úrgang í Danmörku. Samkvæmt þeim reglum ber að farga geislavirkum úrgangi með viðeigandi aðferð og urða geislavirkan úrgang sem ekki er unnt að farga á annan hátt. Förgun verður að vera í umsjón fyrirtækis sem hefur verið sérstaklega falið það verkefni. Meðhöndlun NORM-úrgangs, geymsla hans o.fl. er á ábyrgð rekstraradilans. NORM-úrgangur í dönskum NORM-geymslum inniheldur hærra hlutfall af náttúrulega geislavirkum efnum en sem nemur undanþáguhámarki samkvæmt auglýsingu nr. 670 frá 1. júlí 2019. Í Danmörku eru engar endanlegar geymslur fyrir NORM-úrgang en Danir eru í grundvallaratriðum hlyntir samstarfi einnig á þessu sviði að því tilskildu að lausn finnist sem nýtist öllum löndunum.



Á Grænlandi annast heilbrigðisráðuneytið þann málaflokk sem lútir að verndun almennings gegn jónandi geislun í samræmi við lög nr. 33 sem þjóðþingið (Inatsisartut) samþykkti 9. desember 2015. Sem stendur myndast enginn náttúrulega geislavirkur úrgangur við námugróft eða olíu- eða gasvinnslu á Grænlandi og þar af leiðandi eru engar endanlegar geymslur fyrir NORM-úrgang í landinu. Grænlandingar telja til hagsbóta fyrir landið að hafið verði samstarf um geymslu og förgun NORM-úrgangs.

Samkvæmt færeyskum lögum gegna dönsk heilbrigðisyfirvöld (Sundhedsstyrelsen) hlutverki opinberra yfirvalda varðandi geislavirk efni. Unnið er að því að uppfæra færeysk lög um geislavarnir. Engin endanleg geymsla fyrir NORM-úrgang er í Færeyjum.

Í svarinu við fyrirspurn E 1/2020 kemur fram að norræn geislavarna- og kjarnöryggis-yfirvöld hafi skipað starfshóp sem á m.a. að kanna gildandi reglur um NORM-iðnaðinn á Norðurlöndum. Norrænt samstarf um geymslu og meðhöndlun NORM-úrgangs væri löndunum til hagsbóta og kanna ber hvort löggjöfin heimilar útflutning og innflutning af NORM-úrgangi milli landanna.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin undirstrikar mikilvægi þess að Norðurlöndin taki sameiginlega ábyrgð á grænum umskiptum og lausn umhverfisvanda til langs tíma almennt, einkum þegar samfélagslegur, efnahagslegur og umhverfislegur ávinningur felst í því að þróa samnorrænar lausnir. Nefndin skráir hjá sér svarið við fyrirspurn E 1/2020 þar sem bent er á að norrænt samstarf um geymslu og meðhöndlun NORM-úrgangs væri til hagsbóta og að kanna þurfi hvort löggjöfin heimili útflutning og innflutning af NORM-úrgangi milli landanna. Nefndin telur tilvalið að löndin vinni saman að því að setja upp eina eða fleiri sameiginlegar endanlegar geymslur fyrir NORM-úrgang. Nefndin telur brýnt að þróa sameiginlegar aðferðir við innflutning/útflutning á NORM-úrgangi á leið í endanlegar geymslur og styður sameiginlega lausn sem væri Norðurlöndunum til hagsbóta.

Norðurlöndum 13. apríl 2021

*Anders Kronborg (S)*  
*Anna Vikström (S)*  
*Cecilie Tenfjord-Toftby (M)*  
*Johan Andersson (A)*  
*Kasper Roug (S)*  
*Ketil Kjenseth (V)*  
*Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)*

*Magnus Ek (C)*  
*Ole André Myhrvold (Sp)*  
*Rebecka Le Moine (MP)*  
*Simon Holmström (HI)*  
*Staffan Eklöf (SD)*  
*Vilhelm Junnila (saf)*